LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ
*Directorate of Health*

Auðbjörg Reynisdóttir
Melabraut 9
170 Seltjarnarnesi

Reykjavík, 31.08.2011
2010060531/7.1.4/

**Varðar: Mál Jóels Gautar Einarssonar, kt. - d. 24.02.2001**

Vísað er til bréfs þíns til Landlæknisembættisins, dags. 30.06.2010 og bréfs landlæknis til þín dags. 02.07.2010.

Landlæknisembættinu hafa nú borist sjúkraskýrslur Jóels Gautar Einarssonar, heitins og ennfremur greinargerð í máli hans undirritað af skurðlæknirinn yfirlækni barnaskurðlækninga á Barnaspítala Hringsins. Þetta bréf Þráins er dags. 28.07.2011 og er hjálagt ljósrit bréfsins. Gert er ráð fyrir að þú hafir skoðað allar sjúkraskýrslur sem málið varðar eins og þú hefur fullan rétt á.

Við athugun á sjúkraskrám og lestur greinargerðar skurðl yfirlæknis er ljóst að við síðustu komu á bráðamóttöku Barnaspítalans þann 22.02.2001 var sjúkdómsgreiningin gastro enteritis (iðrasýking) ekki rétt þar sem í ljós kom 7-8 klukkustundum síðar að það sem hrjáði drenginn við þessa komu var stífla á „shuntinu". Þess vegna varð dráttur á réttum viðbrögðum um 7-8 klukkustundir. Leiða má getum að því að á þeim tíma hafi orðið sú skemmd á heilanum sem varð drengnum að aldurtila. Í greinargerð Þráins, yfirlæknis er raunar líka leitt líkum að þessu. Þess er ekki getið í fyrirliggjandi gögnum að gerð hafi verið rannsókn eftir lát Jóels til að sýna fram á raunverulega dánarorsök.

Landlæknisembættið telur að ítarlegri rannsóknir í máli þessu muni ekki leiða til frekari niðurstöðu. Embættið vill hins vegar bjóða þér að koma til viðtals við undirritaðan hér á skrifstofu landlæknis til að ræða málið frekar ef þú óskar þess. Í því tilfelli biðjum við þig að hringja hingað á skrifstofu landlæknis og fá samband við undirritaðan.

Með kveðju og hluttekningu,

undirritun embættisins

yfirlæknir